

Fundargerð - Stjórn Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

7. fundur, 11. mars 2020

Fundur haldinn miðvikudaginn 11. mars 2020 í Zoom fjarfundarbúnaði og hófst fundurinn kl. 13:00. Fundi slitið kl. 15:20.

Fundinn sátu: Hilda Jana Gísladóttir formaður, Eva Hrund Einarsdóttir, Helga Helgadóttir, Helgi Héðinsson, Kristján Þór Magnússon, fór af fundi kl 14:12, Sigurður Þór Guðmundsson og Eyþór Björnsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Axel Grettisson.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Starfsreglur stjórnar SSNE.

Formaður vekur athygli á því að gera þurfi starfsreglur fyrir stjórn SSNE sem lagðar verði fyrir aðalfund SSNE.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að gera tillögur að starfsreglum stjórnar SSNE og tillögur að breytingum á samþykktum SSNE í samræmi við umræður á fundinum.

2. Ný nýsköpunarstefna og aðgerðir henni tengdar.

Formaður fór yfir fréttir um endurskoðun á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Framkvæmdastjóri greindi frá því að framkvæmdastjórar landshlutasamtanna hafi farið yfir þessi mál á fundi og sett saman hóp til að kynna sér hvert stefnir og hvaða aðkomu landshlutasamtökin geta haft til að stuðla að nýsköpun á landsbyggðinni í framtíðinni.

Stjórn felur framkvæmdastjóra, í samstarfi við önnur landshlutasamtök, að vinna að hagsmunum landshlutans í þessum málum.

3. Aðalfundur.

Fyrirhugað er að halda aðalfund SSNE fyrir lok apríl í samræmi við samþykktir félagsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja undirbúning fyrir aðalfund í samræmi við umræður á fundinum.

4. Staða verkefna.

Framkvæmdastjóri fór yfir framvindu helstu verkefna varðandi sameiningu félaganna en þau eru þessi: Gerð starfslýsinga fyrir starfsfólk og ráðningasamninga, útfærslur á myndmerki, heimasíðugerð og virkni Facebook. Rafræn sameining félaganna er í vinnslu og gengur vel.

5. Listnám á háskólastigi.

Lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóri mun fylgja því eftir. Menningarfulltrúi SSNE mun taka þátt í verkefninu og styðja við það.

6. Önnur mál.

Rætt var um þingsályktanir og frumvörp sem berast frá nefndasviði Alþingis til umsagnar og mál sem sett eru fram til umsagnar/samráðs með tilliti til þess hvert hlutverk SSNE sé í því ferli.

Stjórn ákvað að taka málið upp á aðalfundi félagsins.

7. Efni til kynningar.

- a) Fundargerð 58. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 16. janúar 2020.
- b) 554. fundur stjórnar SASS haldinn 7. febrúar 2020.
- c) Fundargerð 879. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2020.
- d) 69. pistill sveitarstjóra Skútustaðahrepps frá 27. febrúar 2020.
- e) Frammistöðuskýrsla áhersluverkefnisins Ungt fólk og Eyþing frá febrúar 2020.
- f) 1. tbl. Gluggans fréttabréfs HMS frá 10. febrúar 2020.
- g) Til samráðs mál nr. 32/2020, Reglugerð um héraðsskjalasöfn.
- h) Drög að frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga birt í samráðsgátt.
- i) Drög að lýsingu að gerð landgræðsluáætlunar birt í samráðsgátt.
- j) Ráðstefnan „Strandbúnaður“ verður haldin á Grand Hótel Reykjavík 19.-20. mars 2020.
- k) Málþing um samspil náttúruverndar, samfélags og atvinnulífs verður haldið 19. mars 2020.

8. Frá nefndasviði Alþingis.

- a) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, 311. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0352.html>
- b) Umsögn um frumvarp til laga um opinber fjármál (framlagning fjármálaáætlunar), 145. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0145.html>
- c) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneldis, 265. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0293.html>
- d) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 365. mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0440.html>